



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Rvk. 10. 11. 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, 7. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að hlutfall fjármagnstekjuskatts hækki úr 10% í 18% en jafnframt verði sett skattleysismörk við 120 þús. kr. tekjur einstaklinga á ári.

Fljótt á litið virðist hlutfall fjármagnstekjuskatts vera lágt miðað við aðra skatta hér á landi, en þegar betur er að gáð er svo ekki. Fjármagnstekjuskattur er 10% og er lagður á vaxtatekjur, söluhagnað, arðgreiðslur og leigutekjur, en líta ber til þess að rót fjármagnstekna liggur yfirleitt í hagnaði fyrirtækja sem skattlagður er með 18% og er samanlagður skattur á hagnað fyrirtækja og arðgreiðslur af honum 26,2%.

Skattlagning fjármagnstekna var samræmd með lögum árið 1996. Það sem breyttist þá var að skattlagning vaxtatekna var tekin upp en þær höfðu áður verið skattfrjálsar. Þá voru skatthlutföll tekna af arði og söluhagnaði lækkuð en frítekjumark afnumið. Frá upphafi var lagt til grundvallar að skattkerfið yrði einfalt í framkvæmd og skatthlutfall lágt. Óhætt er að fullyrða að reynslan af þessari skattabreytingu hafi verið afar jákvæð. Óumdeilt er að tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti hafa margfaldast á undanförunum árum í kjölfar aukinna viðskipta á hlutabréfa- og skuldabréfamörkuðum. Hófleg skattlagning hefur leitt til viðskipta með hlutabréf sem ekki hefðu átt sér stað við hin háu skatthlutföll sem áður voru í gildi og því beint áhættufjármagnni inn í fyrirtækin og stuðlað að umbreytingu og vexti í íslensku atvinnulífi. Á þeim tíma sem núgildandi fyrirkomulag við skattlagningu fjármagnstekna hefur verið við lýði hefur hagvöxtur verið meiri en nokkru sinni fyrr í íslensku efnahagslífi. Hófleg skattlagning fjármagnstekna hefur án nokkurs vafa átt veigamikinn þátt í þeirri jákvæðu þróun.

Meginhlutverk skatta er fyrst og fremst að afla tekna en þeir hafa einnig áhrif á tekjuskiptingu og atferli manna. Núverandi kerfi við skattlagningu fjármagnstekna hefur reynst vel á alla þessa mælikvarða. Það hefur aflað stóraukinna tekna fyrir ríkissjóð frá því sem áður var. Það hefur óvæfengjanlega stuðlað að auknum viðskiptum með hlutabréf og beint fjármunum til atvinnulífsins sem leitt hefur til umbreytingar þess og aukinnar skilvirkni markaða. Uppskeran hefur verið aukinn hagvöxtur og fjölgun góðra starfa, sem hefur jákvæð áhrif á tekjuskiptinguna. Það tímabil sem núverandi kerfi skattlagningar fjármagnstekna hefur verið

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Neffang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

við lýði er jafnframt það tímabil þar sem kaupmáttur launa hefur aukist meira en dæmi eru um áður í seinni tíð.

Það er algengur misskilningur að skattlagning fjármagnstekna og launatekna skuli vera sambærileg. Slík viðhorf standast ekki nánari skoðun. Fjármagnstekjur eru skattlagðar að nafnvirði og því er sá hluti teknanna, sem þarf til að fjármagnsstofninn haldi raungildi sínu, skattlagður. Hluti fjármagnstekjuskattsins er því skattur á neikvæðar tekjur. Fjárfestingar í atvinnulífi eru áhættufjárfestingar og bera stundum lítinn arð eða engan og geta jafnvel tapast alveg. Þá er tap fyrri ára ekki tekið inn í myndina þegar hagnaður myndast um síðir.

Ef skatthlutfall fjármagnstekjuskatt yrði hækkað úr 10% í 18% eins og lagt er til í frumvarpinu er líklegt að það leiddi til minnkandi viðskipta með hlutabréf og aðrar eignir. Ef það gerðist myndi skattstofninn rýrna og skatttekjur ríkisins myndu fráleitt aukast til samræmis við hækkun skattsins og gætu allt eins dregist saman. Af framangreindum ástæðum leggjast Samtök atvinnulífsins gegn samþykkt umrædds frumvarps.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri